

AUGLÝSING

um niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. c-lið 6. tl. 65. gr. laga nr. 160/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 3. mars 2011 fallist á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, frá 19. febrúar 1998.

Breytingin tekur til lands Skorradalshrepps og fyrrverandi Borgarfjarðarsveitar og felst í niðurfellingu svæðisskipulagsins í heild og þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á því.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð breytingartillögu verið unnin í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 en þar sem samvinnunefnd hafði ekki sent breytinguna til Skipulagsstofnunar samkvæmt 4. mgr. 13. gr. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga, fyrir gildistöku skipulagslaga nr. 123/2010, er niðurfelling svæðisskipulags sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 staðfest af Skipulagsstofnun samkvæmt nýjum lögum.

Skipulagsstofnun, 4. mars 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2011